

**ERINDISBRÉF
FYRIR
SKIPULAGSNEFND EYJAFJARÐARSVEITAR**

**I. kafli.
Skipan nefndarinnar og hlutverk.**

1. gr.

Skipulagsnefnd er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum bæjar- og sveitarstjórnakosningum. Nefndin fer í umboði sveitarstjórnar með þau skipulagsmál sem henni eru falin skv. erindisbréfi þessu.

2. gr.

Skipulagsnefnd er skipuð fimm (breyting staðf. af félagsmálar. 20.07.06) fulltrúum og jafn mörgum til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndina saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað. Ef formaður fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega getur sveitarstjórn ákveðið hvort varaformaður tekur við formennsku í nefndinni eða velur annan í það hlutverk.

3. gr.

Helstu verkefni skipulagsnefndar eru eftirfarandi:

- a. Að vera sveitarstjórn til ráðuneytis í skipulagsmálum.
- b. Að setja fram tillögur að markmiðum í skipulagsmálum sveitarfélagsins.
- c. Að fjalla um skipulagstillögur, sem fram eru settar af einkaaðilum eða sveitarstjórn og veita þeim umsögn.
- d. Að fylgjast með að verklagsreglum um deiliskipulag á vegum einkaaðila sé framfylgt sbr. samþykkt sveitarstjórnar frá 1. okt. 2002.
- e. Að eiga samstarf við byggingarnefnd og embætti byggingarfulltrúa Eyjafjarðar-svæðisins.
- f. Að veita umsögn um útgáfu framkvæmdaleyfa sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, m. s. br., og eiga um það samstarf við umhverfisnefnd.
- g. Að veita umsögn vegna framkvæmda, sem kynnu að vera háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 6/2000, um mat á umhverfisáhrifum.
- h. Að gegna hlutverki umferðarnefndar sbr. heimild til skipan slíkrar nefndar í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (breyting staðf. af félagsmálar. 20.07.06).
- i. Að gera tillögu að gjaldskrá gatnagerðargjalda sbr. lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, sbr. einnig reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.
- j. Að gera tillögu að gjaldskrá heimæðargjalda fyrir vatnsveitu og hitaveitu.
- k. Að fylgjast með öðrum þáttum á sviði skipulagsmála og framfylgd þeirra eftir því sem það er í hlutverki sveitarstjórna og hefur ekki verið falið öðrum með sérstökum lögum, reglugerðum eða samningum.
- l. Að annast önnur þau verkefni á sviði skipulagsmála og sveitarstjórn kann að fela henni.

4. gr.

Skipulagsnefnd skal eftir því sem frekast er unnt hraða afgreiðslu þeirra mála, sem til hennar berast, en gæta þess þó ávallt í allri málsmeðferð að fagmennska sitji í fyrirrúmi. Nefndin vinnur í anda góðrar og skilvirkrar stjórnsýslu að framkvæmd þeirra laga, reglugerða og samþykktu, sem henni ber að fylgja, þannig að sem bestur árangur verði af starfi hennar í þágu íbúa sveitarfélagsins.

5. gr.

Skipulagsnefnd leggur á það áherslu í störfum sínum að aðgerðir í skipulagsmálum styrki jákvæða ásýnd og ímynd sveitarfélagsins og að framkvæmd skipulagsmála sé ávallt í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag hverju sinni og stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum.

II. kafli

Fundir nefndarinnar og starfshættir.

6. gr.

Fundir í skipulagsnefnd skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar en þó ekki sjaldnar enn 4 sinnum á ári. Skylt er að boða fund ef meirihluti nefndarmanna æskir þess.

7. gr.

Formaður boðar fund og stýrir honum. Formaður skal ávallt hafa samráð við sveitarstjóra um boðun fundar og kynna honum efni hans. Með sama hætti skal sveitarstjóri greina formanni frá þeim erindum sem hann móttekur f. h. hönd. Að því skal stefnt að aldrei líði lengri tími en ein vika frá því að erindi berst til þess að nefndin taki það til umfjöllunar. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með minnst tveggja sólahringa fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegri dagskrá og skal dagskránni fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

8. gr.

Fundir skipulagsnefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum, sem gilda um skráningu fundargerða sveitarsjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar, skulu varðveitt á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Þegar mál varðar einstakling skal skrá afgreiðslu þess í sérstaka trúnaðarmálabók, sem vera skal í vörslu nefndarinnar. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

9. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim, sem vegna starfa sinna í skipulagsnefnd hafa fengið upplýsingar um mál, sem ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli þeirra eða lögum, hvort sem þau varða einkahagi fólks eða almannahagsmuni. Nefndarmenn skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu sína. Þagnarskylda helst áfram þótt nefndarmenn hætti störfum.

10. gr.

Nefndin skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert hafa skilað til sveitarstjórnar ársskýrslu um störf sín á nýliðnu ári. Sveitarstjórn getur sett nefndum sveitarfélagsins samræmdar reglur um efnistösk og niðurröðun efnis í ársskýrslu.

11. gr.

Skipulagsnefnd leitast við að haga störfum sínum á hverjum tíma í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum og þann fjárhagsramma sem honum er settur. Þá skal hún leitast við að haga störfum sínum þannig að ákvarðanir hennar nýtist í þágu sem flestra íbúa sveitarfélagsins en nefndarmenn eru ekki þó bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu á fundum nefndarinnar.

III. kafli. **Eftirfylgni.**

12. gr.

Til að fylgja eftir staðfestum ályktunum eða samþykktum nefndarinnar skal formaður snúa sér til sveitarstjóra. Þurfi frekar eftirfylgni með snýr formaður sér til sveitarstjórnar.

IV. kafli. **Réttindi og skyldur nefndarfulltrúa.**

13. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir því sem við á ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar sem staðfest var af félagsmálaráðherra 1. júlí 2002. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði. Samþykktina má finna á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og lög á vef Alþingis.

14. gr.

Fulltrúar í skipulagsnefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir, sem gilda um þá málaflokka, sem undir nefndina heyra, og samþykktir og reglur sem sveitarstjórn

hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitar. Í þessu samhengi er m.a. bent á eftirfarandi:

- Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, m. s. br.
- Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sbr. 47/2001 og sbr. nr. 420/2002.
- Byggingarreglugerð nr. 441/1998, sbr. nr. 563/2000 og sbr. nr. 425/2002.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Reglugerð nr. 671/2000, um mat á umhverfisáhrifum.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Þá er nefndum sveitarfélagsins skylt og rétt að eiga með sér samstarf umfram það sem þegar hefur verið vísað til í erindisbréfi þessu, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverjum tíma.

V. kafli.
Gildistaka.

15. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar frá 1. júlí 2002, var afgreitt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 18. feb. 2003 til að taka þegar gildi.

Syðra-Laugalandi 23. júní 2003
sveitarstjórinn í Eyjafjarðarsveit

Samþykkt í sveitarstjórn 18. feb. 2003.

Breytt sbr. breytingu á samþykktum um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar, nr. 473/2002, staðf. af félagsmálaráðuneytinu 20. júlí 2006.